

## Ályktanir háskólaþings 7. maí 2010

### **Dagskrárliður 2: Árangur Stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 og undirbúningur nýrrar stefnumörkunar.**

Rektor gerði grein fyrir undirbúningi nýrrar stefnumörkunar fyrir tímabilið 2011-2016 og samþykkti háskólaþing einróma tillögu rektors um meginsjónarmið, verklag og tímaáætlun við stefnumótunarvinnuna.

### **Dagskrárliður 3: Umsögn háskólaþings um bókun háskólaráðs, dags. 8. apríl 2010, um tilnefningu fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð, sbr. 6. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008.**

Á fundi háskólaráðs 8. apríl 2010 var til umræðu frumvarp til laga um breytingar á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 þar sem m.a. er lagt til að ákvæðum laganna verði breytt varðandi skipun háskólaráðs. Er lagt til að fulltrúum háskólasamfélagsins, sem kjörnir eru á háskólaþingi, verði fjölgað úr tveimur í þrjá, fulltrúum mennta- og menningarmálaráðherra fækkað úr fjórum í tvo og fulltrúum sem háskólaráð velur sjálfst verði fjölgað úr tveimur í þrjá, en skipan ráðsins verði að öðru leyti óbreytt. Samþykkti ráðið svohljóðandi bókun:

„Verði breytingartillögur frumvarpsins að lögum og breytingar á skipan háskólaráðs samþykktar, skal þriðji fulltrúi háskólasamfélagsins tilnefndur í háskólaráð frá 1. júlí 2010 vera sá, sem flest atkvæði hlýtur á háskólaþingi þann 7. maí nk., að hinum tveimur aðalmönnum frátöldum skv. núgildandi reglum Háskóla Íslands og skal hann jafnframt koma af öðru fræðasviði en þeir tveir. Varamenn fulltrúanna þriggja skulu vera þeir þrír sem hlotið hafa flest atkvæði að tilnefndum fulltrúum frátöldum. Að öðru leyti gildi ákvæði 4. mgr. 3. gr. reglna Háskóla Íslands um kjörið og hæfi fulltrúanna.“

Á háskólaþingi 7. maí 2010 bar rektor upp svohljóðandi tillögu sem var samþykkt einróma:

„Háskólaþing Háskóla Íslands mælir með því að staðið verði að tilnefningu fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð í samræmi við bókun háskólaráðs, dags. 8. apríl 2010, og að gerðar verði samsvarandi breytingar á reglum Háskóla Íslands verði frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla að lögum.“

### **Dagskrárliður 4: Tilnefning þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1.7.2010-30.6.2012.**

Fyrir háskólaþing var auglýst eftir framboðum ábendingum um fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð til fyrir tímabilið 1.7.2010-30.6.2012. Alls bárust 6 framboð og uppfylltu allir framboðendur skilyrði 3. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 um að þeir skulu vera akademískir starfsmenn Háskóla Íslands í fullu starfi (a.m.k. 75% starfshlutfalli), en þó hvorki

forseti fræðasviðs, deildarforseti né varadeildarforseti. Gögn um starfsvettvang og stutt lýsing starfsferils voru send út með fundarboði. Atkvæðisrétt höfðu 56 fulltrúar, atkvæði greiddu 54 fulltrúar, auðir og ógildir kjörseðlar voru 0, gildir kjörseðlar voru 54. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var sem hér segir:

1. **Börkur Hansen**, prófessor við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs (24 atkvæði). Verður hann aðalmaður í háskólaráði, hvort sem frumvarp til laga um breytingar á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 verður að lögum eða ekki.
2. **Anna Agnarsdóttir**, prófessor við Sagnfræði- og heimspekideild Hugvísindasviðs (23 atkvæði). Verður hún aðalmaður í háskólaráði, hvort sem frumvarpið verður að lögum eða ekki.
3. **Tinna Laufey Ásgeirsdóttir**, lektor við Hagfræðideild Félagsvísindasviðs (22 atkvæði). Verður hún aðalmaður í háskólaráði að því tilskyldu að frumvarpið verði að lögum, en varamaður fyrir Börk Hansen verði frumvarpið ekki að lögum.
4. **Hákon Hrafn Sigurðsson**, dósent við Lyfjafræðideild Heilbrigðisvísindasviðs. Verður hann varmaður fyrir Börk Hansen að því tilskyldu að frumvarpið verði að lögum, en varamaður fyrir Önnu Agnarsdóttur verði frumvarpið ekki að lögum.
5. **Gunnlaugur Björnsson**, vísindamaður við Raunvísindastofnun Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Verður hann varamaður fyrir Önnu Agnarsdóttur að því tilskyldu að frumvarpið verði að lögum, en hvorki aðalmaður né varamaður verði frumvarpið ekki að lögum.
6. **Soffía Auður Birgisdóttir**, sérfræðingur við Fræðasetur Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði. Verður hún varamaður fyrir Tinnu Laufeyju Ásgeirsdóttur að því tilskyldu að frumvarpið verði að lögum, en hvorki aðalmaður né varamaður verði frumvarpið ekki að lögum.

#### **Dagskrárliður 5: Umfjöllun um háskólasamfélagið í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði.**

Að lokinni kynningu og umræðu bar rektor upp svohljóðandi tillögu til ályktunar sem var samþykkt einróma:

„Gæðanefnd háskólaráðs er falið að fara yfir þær ábendingar í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna er snúa að háskólasamfélaginu, í samráði við aðrar starfsnefndir háskólaráðs og höfunda viðaukans. Leitað verði álits félaga akademískra starfsmanna og Stúdentaráðs HÍ og tekið mið af framkomnum sjónarmiðum á háskólaþingi 7. maí 2010.“